

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis
nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 4 500.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 1 800.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 1 050.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 3 000.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231
26. maí 1977, með síðari breytingum.**

5. gr. hljóði þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 42 700.00 á ári fyrir hvert hús.
- b) Vatnsgjald kr. 180.00 á ári pr. m³. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum. Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. hljóði þannig:

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 159 600.00.

Hús 300—2000 m³ kr. 159 600.00 fyrir 300 m³ og kr. 140.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 397 600.00 fyrir 2000 m³ og kr. 105.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 21 500.00.